



# Rimaskóli

Regla - Metnaður - Sköpun



## Leið þín um lífið

Nafn skóla: Rimaskóli

Verkefni: Leið þín um lífið

Verkefnastjóri: Anna Kristín Jörundsdóttir

Númer samnings: UMS-2

Ár sem verkefnið hlaut styrk: Skólaárið 2017-2018 og

verkefnið var unnið skólaárið 2018-2019

## **Markmið verkefnisins**

Eins og fram kemur í kennsluáætlunum 1. -7. bekkja á heimsíðu Rimaskóla er markmið Leið þinnar um lífið að stuðla að og efla alhliða þroska nemandans og að gera hann hæfari í að takast á við sitt daglega líf á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Það felur í sér að nemandinn vinni með sjálfan sig, beri virðingu fyrir sjálfum sér og læri að þróa með sér viðhorf og gildi sem einkennast af ábyrgðartilfinningu, samhygð og tillitssemi. Í kennslunni er lögð áhersla á að nemandinn byggji upp jákvæða sjálfsmynd og hæfni til að skilja og ráða við eigin tilfinningar og eigi uppbyggileg samskipti við aðra. Í hluta áfangans eru nemendur virkjaðir til að sýna frumkvæði, sjálfstæði og skapandi hugsun þegar þeir þurfa að búa til og framkvæma verkefni þar sem þeir láta gott af sér leiða í sínu nærumhverfi og sýna þannig samferðafólki sínu vináttu og kærleik.

Unnið hefur verið út frá hæfniviðmiðum samfélagsgreina sem fram koma í Aðalnámsskrá grunnskóla.

Í 1. – 4. bekk var unnið með eftirfarandi hæfniviðmið:

- *Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.*
- *Sett sig í spor annarra jafnaldra.*
- *Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.*
- *Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.*
- *Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.*
- *Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.*

Í 5. – 7. bekk var unnið með eftirfarandi hæfniviðmið:

- *Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.*
- *Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn.*
- *Metið og brugðist við skoðunum og upplýsingum á fordómalausán hátt.*
- *Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.*
- *Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.*
- *Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. Umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.*

## ***Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum***

Skólaárið 2018-2019 var áfanginn kenndur einn tíma í viku í 2.- 4. bekk allt skólaárið og tvo tíma í viku í 5. – 7. bekk, hálf t. skólaárið í senn. Í 1. bekk var áfanginn kenndur í hringekju og fékk hver nemendahópur kennslu í Leið þinni um lífið samtals fimm vikur á skólaárinu.

Núvitund, slökun og lífsleikni var kennd allt skólaárið í öllum bekkjum og í 5. - 7. bekk fást nemendur við flóknari lífsleikniverkefni þar sem þeir vinna saman í hópum. Allir bekkir vinna lokaverkefni þar sem þeir láta gott af sér leiða í nær samfélaginu. Framkvæmdin er með þeim hætti að nemendur koma með hugmyndir að lokaverkefni og eru þessar hugmyndir skráðar niður og hópurinn kys þá hugmynd sem þeim finnst best. Bekkirnir nýta allt frá tveimur upp í nokkuð margar kennslustundir til að undirbúa lokaverkefnið. Lengd undirbúningsins fer eftir eðli verkefnisins. Lýðræðisleg vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi við vinnu lokaverkefnisins. Nemendur koma með hugmyndir, undirbúa og framkvæma verkefnið og kosning verkefnisins fer fram á lýðræðislegan hátt. Verkefni í 4. – 7. bekk hafa verið birt á heimasíðu skólans. Nánar verður fjallað um lokaverkefni nemenda síðar í skýrslunni.

### ***Hugmyndafræðin á bak við verkefnið***

Hugmyndafræði verkefnisins er að miklu leyti byggð á fræðum sem rannsökuð hafa verið og hafa sýnt fram á að bera árangur á sínu sviði.

Í núvitund, slökun og lífsleiknihluta námsins er stuðst við bókina Selfcompassion eftir ameríska sálfræðinginn Phd Kristin Neff. Hún leggur m.a. áherslu á að bæði börn og fullorðnir læri aðferðir sjálfsvæntumþykju: Að tala sjálfan sig upp með kærleik og jákvæðum hugsunum og að í gegnum núvitund fylgjast með upplifununum sínum án þess að dæma þær.

Í lokaverkefni nemenda er stuðst við stefnuna Reggio Emilia sem á uppruna sinn á Norður-Ítalíu. Upphafismaður stefnunnar var uppeldisfræðingurinn Loriz Malaguzzi. Í þeirri stefnu eru nemendur hvattir til að sýna frumkvæði, nýta hæfileika sína og tjá sig eins og þeim sjálfum finnst áhugavert í gegnum t.d. leiklist, tónlist, myndlist og ljóðagerð.

### ***Nánari lýsing á kennslunni:***

Við upphaf áfangans var lögð fyrir könnun sem meta átti líðan nemenda, og var þetta gert svo að hægt væri að skipuleggja kennsluna út frá þörfum hvers bekkjar.

Kennslan í 1. og 2. bekk hófst með núvitundaræfingu þar sem hljóð gong bjöllunnar var notað til að börnin ættu auðveldara með að upplifa líðandi stund. Frá 3. – 7. bekk var athygli á andardráttinn bætt við núvitundaræfinguna og áttu nemendur að taka eftir því sem þeir upplífðu án þess að dæma sjálfa sig eða aðra.

Í 1. – 4. bekk var unnið með öndunaræfingar eins og kerta og blómaöndun sem og býflugnaöndun. Var þetta gert til að virkja ímyndunarafl og leikgleði nemenda.

Í 1. og 2. bekk fengu nemendur að gera léttar líkamsæfingar með því að leika mismunandi dýr og var bókin: Ég er slanga eftir Birgir Þ. Jóakimsson og Höllu Sólveigu Jónsdóttur notuð í því samhengi. Ýmist í lok eða upphafi kennslustundanna fóru nemendur í 1. – 7. bekk í slökun þar sem áhersla var lögð á að gefa nemendum jákvæð skilaboð til að efla innri kyrrð og frið.

Í slökuninni voru notaðar bækurnar: Undir heillastjörnu, hugleiðslur & heillakort með jákvæðum skilaboðum fyrir börn og unglinga eftir Stefaníu Ólafsdóttur og Hugarfrelsi, kennslubók eftir Unni Örnú Jónsdóttur og Hrafnhildi Sigurðardóttur.

Í 3. - 7. bekk unnu nemendur með einfaldar líkamsæfingar út frá kennslubók Hugarfrelsis.

Þar sem 5. – 7. bekk var kennt tvo tíma í viku hálf tónaárið í senn þá var lífsleikni í seinni kennslustundinni. Kennslugögn voru bókin Að sitja fíl. Nám í skóla um hamingju og velferð eftir Ian Morris og einnig efni frá kennara. Nemendur unnu saman í þörum eða stærri hópum þar sem unnið var í gegnum leiki, samræður og aðrar æfingar.

### **Lokaverkefni**

Eins og áður sagði þá unnu allir bekkir lokaverkefni þar sem þeir létu gott af sér leiða í nær samfélaginu. Lokaverkefnin eru mjög fjölbreytt og hefur hver nemendahópur unnið það út frá aldri og þroska. Við vinnu lokaverkefnisins leggur kennarinn áherslu á að allir nemendur komi með hugmyndir að lokaverkefnum og kjósi síðan það verkefni sem meirihluti nemenda vill útfæra nánar. Þar sem lögð er mikil áhersla á frumkvæði og skapandi vinnu nemendanna í þessum hluta áfangans þá stígur kennarinn til hliðar og hans hlutverk er að fylgjast með vinnu nemenda og leiðbeina þeim við vinnuna. Nemendur eru leiddir áfram með opnum spurningum til að þeir geti sjálfir fundið lausnirnar. Einn hópur í 4. bekk átti erfitt með að koma með hugmyndir að gátum og bröndurum. Þegar leitað var til kennarans þá spurði kennarinn hópin: Hvað getið þið gert til að finna hugmyndir? Þá datt einum nemanda það í hug að koma með brandarabók að heiman. Það er einnig mikilvægt að börnin upplifi það að þau hafi styrk og sjálfstæði til að framkvæma lokaverkefnið því þannig eflist jákvæð sjálfsmýnd þeirra. Þess vegna ber kennarinn mikla virðingu fyrir öllum hugmyndum sem börnin koma með og gerir allt það sem hann getur til að aðstoða þau við að hrinda hugmyndum þeirra í framkvæmd. Þannig öðlast börnin trú á eigin getu til að ná markmiðum sínum. Eftir að hver bekkur hefur unnið lokaverkefnið ræddi kennarinn við hvern hóp um það hvernig nemendur upplifðu lokaverkefnið.

### **Lokaverkefni 1. bekkjar**

Í fyrsta bekk voru sjö nemendahópar í hringekju og var hver hópur fimm vikur í senn í Leið þinni um lífið.

Í fimmtu vikunni unnu nemendur lokaverkefnið sitt og kennarinn spurði hvern hóp: Hvað getið þið gert til að vera góð hvert við annað? Margar hugmyndir komu frá þessum flottu krökkum í 1. bekk, eins og: Hjálpað, sagt eitthvað fallett, vera góð, faðmast, faðma Blæ hjálparbangsa, taka tillit, leika saman, gefa vinaband, vinablöðru eða vinablóm. Allir sem vilja vera vinir, setja nafnið sitt í vinakassa og draga.



Hérna eru myndir af tveimur hópum í 1. bekk. Annar þeirra ákvað að faðmast og hinn að gefa vinablóm.



### **Lokaverkefni 2. bekkjar**


Í 2. bekk voru fjórir nemendahópar. Það náðist ekki að klára öll lokaverkefnið í þeim árgangi þar sem nemendunum var skipt ört innan hópanna.

Nemendur í öðrum bekk fengu sömu spurningu og börnin í 1. bekk. Hvað getið þið gert til að gleðja hvert annað?



Einn hópur ákvað að teikna fallegar myndir til að gefa bekkjarfélögum sínum. Kennarinn lét nafn nemanda í kassa og nemendur drógu nafn þess sem þeir ætluðu að teikna fyrir í næsta tíma. Að lokum gáfu nemendur hver öðrum teikningarnar og þökkðu fyrir sig.

Einn hópur ákvað að syngja fallega lagið Myndin hennar Lísu eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur sem fjallar um kærleik og frið. Nemendur ákváðu líka að koma tveir og tveir saman og segja falleg orð hvor við annan.



### Lokaverkefni 3. bekkjar

Það voru tveir hópar í 3. bekk skólaárið 2018 - 2019.



Annar hópurinn ákvað að teikna og lita vana armbönd. Hver nemandi dró nafn á félagi sem hann gaf sitt vana armband. Sá sem tók á móti armbandinu þakkaði fyrir sig. Á myndinni að neðan má sjá fjóra nemendur glaða með sín vana armbönd.



Í hinum hópnum ákváðu nemendur að hrósa hver öðrum. Nemendur sátu í tveimur hringjum, 10 nemendur í hverjum hring. Einn nemandi fékk að sitja í hróssætinu og allir í hópnum áttu að hrósa honum fyrir eitthvað jákvætt í fari hans. Kennarinn útbjó blað fyrir hvern nemanda þar sem mynd var af honum ásamt því hrósi sem hann hafði fengið. Kennarinn hvatti nemendur til að geyma blaðið og taka það fram af og til svo að þeir gætu glaðst yfir öllum þeim jákvæðu eiginleikum sem þeir búa yfir.

#### Lokaverkefni 4. bekkjar

Það voru þrír hópar í 4. bekk skólaárið 2018-2019. Allir hóparnir komu með skemmtilegar og fjölbreyttar hugmyndir að lokaverkefnum sem krakkarnir unnu með jákvæðu og góðu hugarfari.



Óðinshana hópurinn ákvað að láta gott af sér leiða með því að gefa föt í fatasöfnun Rauða krossins. Starfsmenn Rauða krossins þær Sigurbjörg og Guðlaug tóku vel á mótí hópnum í húsnæði Rauða krossins. Nemendur fengu kynningu á starfsemi Rauða krossins á Íslandi og erlendis sem og örkyningu í skyndihjálpi. Krökkunum var boðið að fara í leik og í lok heimsóknarinnar afhentu þeir starfsmönnum fötin. Allir nemendurnir í hópnum stóðu sig mjög vel í heimsókninni, voru kurteisir og áhugasamir um starfseminna.

Spóa hópurinn kom með margar góðar hugmyndir til að láta gott af sér leiða og gleðja félagi sína. Nemendur völdu þá hugmynd að segja 3. bekk gátur og brandara. Krakkarnir skrifuðu brandara og gátur og ekki vantaði hugmyndir hjá þessum flotta og skapandi hópi. Eftir nokkrar æfingar þá fékk 3. bekkur að heyra afraksturinn og ekki var annað að sjá en að allir skemmtu sér vel.





Lóu hópurinn kom með þá góðu hugmynd að teikna og lita myndir til að gefa og gleðja þannig eldri borgara á elliheimilinu Eir í Borgum. Bæði starfsmenn og gestir á Eir tóku á móti börnunum með miklum hlýhug og þakklæti. Allir kynntu sig og sögðu aðeins frá sjálfum sér og krakkarnir sögðu frá myndunum sínum. Í lok heimsóknarinnar sungu allir saman fallega lagið Lóan er komin. Myndir barnanna verða til sýnis á myndlistasýningu á Eir í maí og júní og eftir það fær hver gestur á Eir eina mynd sér til eignar. Það voru allir ánægðir og glaðir með heimsóknina á Eir.

### **Lokaverkefni 5. bekkjar**

Báðir hóparnir í 5. bekk ákváðu að gleðja krakkana í 1. bekk með því að skrifa, æfa og sýna þeim leikrit.



Nemendur 5. bekkjar komu með þá góðu hugmynd að gleðja 1. bekk með því að sýna þeim leikrit.

Þeir bjuggu til áhugavert leikrit þar sem tröll, hundur, kennari, prestur og fleiri spennandi persónur sýndu mikilvægi gleði, vináttu, friðar og þess að fólk komi fram við aðra eins og það vill sjálft láta koma fram við sig.

Leikarar í 5. bekk stóðu sig mjög vel og sýndu leikritið af mikilli einlægni og gleði. Fyrsti bekkur skemmti sér mjög vel á þessari vel heppnuðu sýningu hjá 5. bekk.



### Lokaverkefni 6. bekkjar



6. IMF ákvað að bjóða nemendum á yngsta stigi upp á stöðvar í frímínútum dagana 23. og 30. nóvember. Í boði var eltingaleikur, fótolti, pógó, löggú og bófaléikur, sardína í dós og ein króna. Krakkarnir á yngsta stigi voru mjög jákvæð og ánægð með það sem bekkurinn hafðu upp á að bjóða og tóku virkan þátt í verkefnunum.



6. MMR ákvað að gleðja 10. bekk með því að bjóða þeim í brennubolta. Góð hugmynd hjá þessum flottu krökkum og ekki var annað að sjá en að allir skemmtu sér vel.

### Lokaverkefni 7-bekkiar



Nemendur í 7. GH ákváðu að láta gott af sér leiða með því að leika við börnin á leikskólanum Lyngheimum. Nemendur byrjuðu á að skipta sér niður á deildir og kynna sig fyrir krökkunum. Þeir fengu að aðstoða börnin við að klæða þau í útiföt og fóru að því loknu með þeim í útiveru. Nemendur í 7. GH voru virkir, jákvæðir og léku við leikskólabörnin sem hlógu mikið og skemmtu sér vel með það sem þessi flotti hópur hafði upp á að bjóða.



Nemendur í 7. HVS ákváðu að láta gott af sér leiða með því að heimsækja leikskólann Fífuborg og leika við leikskólabörnin. Börnunum var boðið upp á að fara í feluleik, í grænni lautu, boltaleik og leik með sápukúlum. Litlu börnin skemmtu sér mjög vel með það sem þessi flotti hópur hafði upp á að bjóða. Ekki var annað að sjá en að nemendur í 7. HVS skemmtu sér líka vel í leiknum og aldrei að vita nema að það leynist framtíðar leikskólastarfsmaður í hópnunum!

## ***Frávik miðað við áætlun verkefnisins***

Upprunalega var gert ráð fyrir að kenna áfangann á mið og unglingastigi í Rimaskóla sem og valáfanga í Vættaskóla. Það var mat stjórnenda Rimaskóla að kenna ætti áfangann í öllum námshópum í 1. – 7. bekk. Það mat tel ég vera réttmætt og styðji mjög vel við markmið stjórnvalda um bætt geðheilbrigði barna og snemmtæka íhlutun í grunnskólum. Nemendur á yngsta stigi voru mjög jákvæðir gagnvart áfanganum eins og fram kemur í mati sem lagt var fyrir frá 3. bekk. Margir nemendur komu og föðmuðu kennarann í lok kennslustunda og enn aðrir sögðust vera farnir að nota núvitund og slökun heima. Það bárust tölvupóstur frá foreldrum sem lýstu ánægju sinni með það að áfangi eins og Leið þín um lífið væri kenndur í skólanum. Rannsóknir styðja einnig við það hversu mikilvægt það er að byrja snemma að kenna börnum færni í sjálfstjórn og samskiptahæfni því að færni í þessum þáttum gefur forspá um velgengni einstaklingsins þegar fram í sækir.

## ***Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu***

Einn mikilvægasti ávinningurinn af vinnunni við verkefnið er hversu jákvæð áhrif það hefur haft á nemendur í 1. – 7. bekk og til marks um það er matið sem lagt var fyrir nemendur í 3. – 7. bekk. Meirihluti nemenda var ánægður með verkefnið, taldi núvitundina og slökunina hafa gagnast vel og fannst lokaverkefnið áhugavert og lærdómsríkt.

Þann 17. október 2018 var haldinn sameiginlegur starfsdagur Rimaskóla, leikskólanna Fífuborgar og Lyngheima ásamt frístundaheimilinu Tígrið og félagsmiðstöðvarinnar Sigyn. Á þessum degi hélt verkefnastjóri Leið þinnar um lífið námskeið í núvitund og slökun fyrir starfsfólk frá þessum starfsstöðvum. Þetta sama haust var einnig boðið upp á örnámskeið í núvitund og slökun fyrir starfsfólk Rimaskóla.

Skólastjórar Rimaskóla, Húsaskóla og Hamraskóla komu saman á kynningarfund í Rimaskóla þann 7. mars þar sem verkefnastjóri verkefnisins kynnti verkefnið, markmið þess, hugmyndafræði, kennsluáferðir og hvernig það tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar. Stjórnendur skólanna voru allir sammála um mikilvægi þess að kenna áfanga sem hefur það að markmiði að hlúa að andlegri heilsu barna og töldu áfangann Leið þín um lífið vera góða leið til þess að takast á við það verkefni.

## ***Mat á verkefninu samkvæmt umsókn***

Verkefnið hefur haft jákvæð áhrif á nemendur sem og nær samfélagið í Grafarvogi. Þar sem unnið er markvisst með núvitund, sjálfsumhyggju, slökun og samskiptahæfni þá er von okkar að þessir þættir stuðli að bættri andlegri heilsu barnanna og að þeir hafi þannig jákvæð áhrif á þau sjálf og samfélagið allt til lengri tíma.

Nemendur í 1. – 7. bekk voru allir áhugasamir og virkir við vinnu lokaverkefnanna í áfanganum eins og sjá má af myndum sem teknar voru af þeim.

Í 1. – 3. bekk útfærðu nemendur verkefni þar sem þeir sýndu náungakærleik með því að gefa vinaarmbönd, hrós, myndir, vinablóm, föt í Rauða krossinn, teikningar handa eldri borgurum og segja yngri börnum brandara og gátur.

Í 5. – 7. bekk ákváðu krakkarnir að gleðja fólk í sínu nær umhverfi með því að semja, æfa og leika leikrit fyrir 1. bekk, bjóða yngsta stiginu upp á leiki í frímínútum, bjóða 10. bekk í brennubolta og einnig að fara á leikskóla og leika við leikskólabörnin.

Þetta eru allt fjölbreytt og skemmtileg verkefni og vinnan við þau hefur þroskað nemendur og haft jákvæð áhrif á tengslin á milli ólíkra aldurshópa sem og á milli Rimaskóla og nær samfélagsins í Grafarvogi. Verkefnið reyndi á frumkvæði, sjálfstæði og samskiptahæfni nemenda þar sem hugmynd, framkvæmd og útfærsla var alfarið í höndum nemendanna sjálfra. Nemendurnir þurftu að nýta jákvæða eiginleika sína við að vinna verkefni í nýjum aðstæðum með nýju fólk. Alls staðar þar sem nemendur í Leið þinni um lífið komu og unnu verkefni sín var tekið á móti þeim með jákvæðni, þakklæti og hlýhug.


### **Niðurstöður verkefnisins**

Við teljum að markmiðin sem höfð voru til grundvallar við vinnu verkefnisins hafi náðst. Mat sem gert var á meðal nemenda í 3. – 7. bekk er til marks um að meirihluti nemenda eru ánægðir með áfangann. Merki um jákvæð áhrif verkefnisins eru líka öll þau frábæru verkefni sem nemendur unnu í nær samfélaginu. Það er þó svo að það kemur betur í ljós þegar börnin eldast og þroskast hvort þau hafi náð að tileinka sér hæfnina sem lögð er til grundvallar í verkefninu. Það hefur verið ákveðið að verkefnið verði kennt áfram í skólanum og að fleiri kennarar komi að kennslu þess.

Hér eru nokkur dæmi um það hvernig bekkirnir meta núvitundina, slökunina og lokaverkefnið:

#### 4. bekkur

Hafðir þú gagn af  
núvitundaræfingunni og slökuninni  
(aukin innri ró/kyrrð)?




■ já = 34 ■ veit ekki = 16 ■ nei = 9 ■

Hvaða gagn:

Ég varð slakari, mér finnst gaman að vera í þessum áfanga því við hvílum og alls konar meira, lætur mér líða betur, sofa, þegar ég á erfitt með að sofna geri ég núvitundaræfinguna.

Hvernig fannst þér að vinna lokaverkefnið?




■ lærdómsríkt = 17 ■ áhugavert = 23 ■ gagnlegt = 5  
 ■ tilgangslaust = 2 ■ veit ekki = 13

Annað sem þú vilt koma á framfæri?

Gaman, skemmtilegt og gott fyrir heilsuna, mér fannst lokaverkefnið mjög skemmtilegt, slökunin var góð, skemmtileg leið.

### 5. bekkur

Hafðir þú gagn af núvitundaræfingunni og slökuninni (aukin innri ró/kyrrð)?




■ já = 19 ■ veit ekki = 14 ■ nei = 11

Hvaða gagn?

Ég lærði að slaka á, ég varð rólegri, ég lærði að slaka á, smá gagn, það er þægilegt að byrja vikuna á smá slökun, róa mig niður, gaman, slökun, ekkert, ég varð rólegri heima hjá mér, ég varð mjög slök og róleg, slökun, kyrrð og ró.

Hvernig fannst þér að vinna lokaverkefnið?



■ lærdómsríkt = 11 ■ áhugavert = 20 ■ gagnlegt = 5  
 ■ tilgangslaust = 1 ■ veit ekki = 7

Annað sem þú vilt koma á framfæri?

Í hvert sinn sem ég var búinn hjá þér var ég svo rólegur og mér líkaði það, það var gaman, það var mjög skemmtilegt, þú ert æðisleg, mér fannst þægilegt að fá innri ró, finna innri frið, annað leikrit, að allir séu ekki með læti.

## Áframhaldandi vinna við verkefnið og kynning á afrakstri þess

Við upphaf áfangans var lögð fyrir könnun í 3. – 7. bekk til að meta líðan nemenda, og er þetta gert svo að hægt sé að meta hvernig vinna á með hópinn. Í lok áfangans var gerð önnur könnun sem á að endurspeglar upplifun nemenda af áfanganum. Og út frá þessum könnunum er árangur áfangans mældur og skólastjórnendur fá ópersónugreinanlegar niðurstöður til skoðunar.

Eftir kynninguna sem verkefnastjórinn hélt fyrir skólastjórnendur Rimaskóla, Hamraskóla og Húsaskóla þá kom fram áhugi hjá stjórnendum skólanna um að innleiða áfangann á yngsta stigi og miðstigi í öllum skólunum. Stjórnendur skólanna telja að kennsla í Leið þinni um lífið styðji mjög vel við menntastefnu Reykjavíkurborgar sem byggir á grundvallarþáttunum: Félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði.

Markmið og kennsla verkefnisins hafa þessa þætti að leiðarljósi og unnið er að því að kenna börnum þjargir í gegnum mismunandi verkefni m.a. með því að sýna náungakærleik og gleðja aðra sem getur verið leið til að efla jákvæðar tilfinningar. Ástundun núvítundar og slökunar hefur það að markmiði að kveikja á uppbyggilegum tilfinningum og njóta augnabliksins sem getur dregið úr kvíða og áhyggjum. Nemendur þurfa að axla ábyrgð við vinnu lokaverkefnisins og þannig þjálfar þeir sig í samvinnu við aðra nemendur og öðlast færni í lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem þeir þurfa m. a. að veita og meta kosti og galla og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Í gegnum kennslu verkefnisins er því markvisst reynt að stuðla að góðri líðan og jákvæðum samskiptum á meðal barnanna og þannig er verið að hlúa að heilbrigði og hamingju þeirra.

Áframhaldandi þróun verkefnisins hefur m.a. það að markmiði að þróa samstarf á milli kennaranna sem koma að verkefninu og efla þannig færni þeirra til að kenna námsgreinina og útvíkka um leið verkefnið, Leið þín um lífið. Einnig að tengja það inn til annarra sem í skólunum starfa. Með því móti aukast líkur á að skólasamfélagið allt endurspegli mikilvægi þess að mæta börnum þar sem þau eru stödd með jákvæðum og styðjandi hætti.

Dagsetning 24. maí 2019

Anna Kristín Jörundsóttir Helga Arnason

Undirskrift verkefnisstjóra

Undirskrift skólastjóra Rimaskóla

